



1631. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
11.10.2017, kl. 11:30

1. Fundargerð 1630. fundar

Samþykkt með fyrirvara um breytingar.

2. Erindi til borgar vegna Laugardals

Tillaga að bréfi formanns til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Rvk. samþykkt.

3. Þarfagreining vegna Íþróttamiðstöðvar

Upplýst að það sé í skoðun að vinna þarfagreiningu vegna mögulegrar stækkunar Íþróttamiðstöðvarinnar.

4. Verkefni stjórnar

Yfirfarið. Sveitarfélagakönnun, skoða hvort mögulegt að vinna hana í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.

5. Frístundaakstur

Unnið að samræmdum reglum fyrir fylgd (Kjartan), komið í ferli. Upplýst um erindi sem barst ÍTR þar sem foreldri vill frístundaakstur á milli hverfa. Núverandi skipulag gerir einungis ráð fyrir akstri innan hverfa.

6. Ferðasjóður íþróttafélaga

Samantekt frá ÍSÍ lögð fram. ÍBR minnir félög á umsóknir. Gæti verið gagnlegt að fá stærri félög til að ráðleggja þeim minni varðandi umsóknir. Reykjavíkurfélög fá lægri greiðslur en félög úti á landi fyrir sambærilegar ferðir (annar stuðull).

7. Afrekssjóður ÍBR

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt.

8. Verkefnasjóður ÍBR

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt. Reglur sjóðsins verði uppfærðar. Þemu verði valin fyrir næstu úthlutun.

9. Samstarf við Mannréttaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Greint frá nýlegum fundi fulltrúa ÍBR og skrifstofunnar, sem ÍBR hafði frumkvæði að. Niðurstaða fundarins var að skipa vinnuhóp sem í sitja 2 fulltrúar frá hvorum aðila. Fulltrúar ÍBR verða tveir starfsmenn, karl og kona. Ein hugmynd að bjóða upp á kynningu á íþróttastarfi á fjölmenningsdeginum sem árlega er haldinn er í maí.

10. Aðildarumsókn Frisbíggfélags Reykjavíkur

Lögð fram.

11. Önnur mál

- Rætt um heiðursveitingar.

Fundi slitið kl. 12:50.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari